



Selfossi, 18.12.2024

Fundargerð stjórnar

24. fundur stjórnar Brunavarna Árnassýslu haldinn miðvikudaginn 18. desember 2024, kl. 9:00 í Björgunarmiðstöðinni á Selfossi.

Mætt: Helgi Kjartansson (formaður), Fjóla Steindóra Kristinsdóttir, Bragi Bjarnason, Árni Eiríksson, Sandra Sigurðardóttir (á teams), Pétur Pétursson, Lárus Kristinn Guðmundsson og Unna Björg Ögmundsdóttir sem ritaði fundargerð.

1. Staða mála vegna byggingar tækja- og búnaðargeymslu BÁ á Laugarvatni

Pétur fór yfir stöðuna á byggingarframkvæmdum á Laugarvatni. Húsið er orðið fokhelt, búið að taka inn rafmagn og vinna innanhúss hafin. Hiti er ekki kominn á húsið en þegar það verður gert verður hægt að flytja tæki og búnað í húsnæðið.

2. Staða mála í undirbúningsvinnu vegna Björgunarmiðstöðvar á Flúðum

Lárus, Árni og Helgi, fulltrúar húsnefndar, fóru yfir stöðuna á undirbúningsvinnu vegna byggingarframkvæmdar á Flúðum. Verið er að vinna að frumhönnun og í kjölfarið verður farið í verðkönnun.

3. Staða mála vegna nýrra samþykktu Brunavarna Árnassýslu.

Helgi fór yfir stöðuna á nýjum samþykktum BÁ. Samþykktirnar eru tilbúnar og flest sveitarfélög búin að afgreiða þær heima í héraði. Allri vinnu ætti að vera lokið fljótlega á næsta ári.

4. Staða mála vegna kaupa BÁ á rými BFÁ við Árveg 1.

Pétur fór yfir stöðuna vegna kaupa á rýmum BFÁ í Björgunarmiðstöðinni á Selfossi. Töf verður á kaupum á rýmum vegna stöðu á framkvæmdum hjá BFÁ. Til boða stendur að BÁ leigi hluta af rýminu þar til að kaupum getur orðið. Umræða um leigusamning. Pétri og Lárusi falið að tala við stjórn BFÁ varðandi leigusamninginn.

5. Aðkoma BÁ að hraunkælingaverkefni á Reykjanesi.

Lárus sagði frá aðkomu BÁ að hraunkælingarverkefni á Reykjanesi.

6. Staða reksturs Brunavarna Árnassýslu 2024.

Pétur sagði frá því að allt líti út fyrir að fjárhagsáætlun BÁ 2024 standi þó sumir liðir standist ekki þá er útlit fyrir að heildarniðurstaðan verði góð og ekki þörf fyrir viðbótarfjármagn inn í reksturinn. Þess ber að geta að kjarasamningar við LSOS eru enn lausir og hafa verið frá 1.apríl 2024. Ekki er útlit fyrir að komi til fjáruútláta vegna þessa fyrr en á árinu 2025.

Fleira ekki gert.
Fundi slitið kl. 10:00

Undirritunarsíða

Formaður stjórnar
Helgi Kjartansson

Fjóla Steindóra Kristinsdóttir

Bragi Bjarnason

Árni Eiríksson

Sandra Sigurðardóttir

Slökkviliðsstjóri
Pétur Pétursson

Varaslökkviliðsstjóri
Lárus Kristinn Guðmundsson

Fundarritari
Unna Björg Ögmundsdóttir